

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 166/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 593/2007 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta liðar 66s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005) í XIII. viðauka við samninginn:

„**32007 R 0593**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 593/2007 frá 31. maí 2007 um þóknanir og gjöld sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á (Stjtið. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 593/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 89, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 88.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 140, 1.6.2007, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 81, 30.3.2005, bls. 7. Ákvæði reglugerðarinnar gilda með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 779/2006 (Stjtið. ESB L 137, 25.5.2006, bls. 3).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.